



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2014

Umsögn um stjórnarhætti: Borgun hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Borgun hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af KPMG í september 2014.

Niðurstaða úttektar KPMG á stjórnarháttum Borgunar hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Í skilgreiningu á hlutverki stjórnar er mikil áhersla lögð á áhættustjórnun og leggur stjórnin verulega áherslu á að fylgjast með helstu áhættuþáttum.

Hvað má betur fara: Borgun hf. er í eigu Íslandsbanka hf. (62,2%), Landsbankans hf. (31.21%) og BPS ehf. (3,56%), mikilvægt er að hlutverk stjórnar sé gert skýrt gagnvart eigendum félagsins, t.d. í eigendastefnu, hvað varðar ábyrgð og ákvarðanir.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar og veruleg áhersla er lögð á að fara yfir áhættuþætti í rekstri félagsins og áhættustýringu, m.a. áhættuskipulag, áhættustefnu, ICAAP skýrslu og endurkröfuáhættu.

Hvað má betur fara: Ársreikningar eru ekki birtir á heimasíðu félagsins.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt 17 stjórnarfundi á ársgrundvelli 2014, í þrjár klukkustundir að jafnaði. Haldinn er árlega starfsdagur stjórnar þar sem farið er ítarlega yfir starfsemi félagsins. Stjórnarmenn geta nálgast allar fundargerðir á stjórnarvefgátt félagsins þar sem farið er skilmerkilega yfir dagskrárlíði, markmið og ákvarðanir. Þriggja manna endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum endurskoðunarnefndar og hefur stjórnin aðgang að fundum og fundargerðum nefndarinnar.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti skilgreina betur hvaða upplýsingar hún þarf að fá og í hvaða tilvikum þörf er fyrir að upplýsingar komi frá óháðum úttektaraðilum. Innri endurskoðun félagsins er útviðstað til stærsta hluthafa félagsins og þar af leiðandi mikilvægt að skilgreina hlutverk innri endurskoðanda vel.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur og siðareglur stjórnar voru samþykktar í maí árið 2013. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum og gerir endurmat á stjórnarháttum. Starfsáætlun stjórnar er samþykkt árlega.

Hvað mætti betur fara: Stjórn félagsins hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur eða reglur um viðskiptahætti. Félagið hefur ekki stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Allir stjórnarmenn uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Stjórn félagsins árið 2014 samanstendur af fimm stjórnarmönnum og stjórnina skipa: Rósa Guðmundsdóttir (formaður), Tómas Sigurðsson, Jóhann Ottó Wathne, Brynja Guðmundsdóttir og Halldór Kristjánsson. Stjórnarmenn eru á aldrinum 38 – 62 ára og er meðalaldur stjórnarmanna 47 ár. 60% stjórnarmanna eru karlar og 40% konur.

Hvað mætti betur fara: Þrír af fimm stjórnarmönnum eru starfsmenn stærsta hluthafa félagsins, Íslandsbanka, en tveir stjórnarmanna geta talist óháðir.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.